

Aðalfundur foreldrafélags leik-og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

19.september 2018

Mættir:

Úr stjórn mættu Guðlaug Ásmundsdóttir, Ásta Jóna Ásmundsdóttir, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Fjóla Lind Guðnadóttir, Inga María Sigurðardóttir og auk þeirra um 15 foreldrar aðrir.

Dagskrá:

Elín formaður fór yfir Ársskýrslu formanns fyrir liðið skólaár. Þar mátti telja viðburði vetrarins, önnur störf félagsins og ávarp til foreldra og forráðamanna.

Einnig farið yfir ársreikning síðasta skólaárs, staðan réttu megin við núllið eftir árið (2423 krónur í inneign).

Farið var yfir Lög foreldrafélagsins. Má hafa í huga að athuga að boða breytingu á 11.grein laganna við boðun aðalfundar í upphafi næsta skólaárs, um slit félagsins.

Lögð fram tillaga um að halda ársgjaldi óbreyttu, samþykkt af fundarmönnum.

Klárað var að manna komandi stjórn, með samþykki fundarmanna, og verður hún eftirfarandi: Andrea Ýr Arnarsdóttir formaður, Ásta Jóna Ásmundsdóttir ritari, María Ragnarsdóttir gjaldkeri. Aðrir í aðalstjórn eru Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir, Sigurveig Gunnlaugsdóttir og Marie Greve Rasmussen. Í varastjórn verða Inga María Sigurðardóttir, Guðlaug Ásmundsdóttir, Daniella Gross og Margrét Björgvinsdóttir.

Ólöf Guðmundsdóttir verður áheyrnarfulltrúi fyrir grunnskólasviðið og Kristín Ása Hjálmsdóttir fyrir leikskólasviðið. Samþykkt einróma af fundarmönnum.

Fundi slitið.

Guðlaug Ásmundsdóttir ritari